



**Starfsleyfisskilyrði fyrir jarðborun (3 holur) á
Njarðvíkurheiði E5, Reykjanesbæ.
Umsækjandi og ábyrgðaraðili
Reykjanesbær., kt. 470794-2169**

Gefin út í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

1. **GILDISSVIÐ:** Skilyrðin gilda fyrir jarðborun á eftirlitssvæði HES. Staðsetning borteigs og borholu er samkvæmt yfirlitsmynd og uppgefnum hnitum í viðauka 1.
2. **EFTIRLIT** á borteig skal fara fram af heilbrigðisfulltrúa áður en borun hefst. Kalla skal til fulltrúa HES í eftirlit með að minnsta kosti **tveggja sólahringa** fyrirvara.
3. **MEÐHÖNDLUN ELDSNEYTIS**, ávallt skal vera starfsmaður til staðar sem fylgist með dælingu. Uppsogsbúnaður skal vera aðgengilegur á meðan dæling fer fram.
4. **OLÍUTANKAR** skulu þannig staðsettir og þannig frá þeim gengið að ekki sé hætt á að olía berist í jarðveg.
5. **MENGUNARÓHÖPP** skulu tilkynnt HES án tafar og framkvæmdaraðili skal þegar í stað hefjast handa við að stöðva útbreiðslu mengunarinnar.
6. **RUSLAGÁMAR** skulu vera lokaðir, þrífalegir og að öðru leyti standast kröfur HES.
7. **BOR-SVARF/LEÐJA** flokkast sem úrgangur og skal safnað saman. Halda skal skrá yfir magn borsvarfs og hvert það er flutt til nánari meðhöndlunar eða förgunar.
8. **VIÐ VERKLOK** skal gengið frá athafnarsvæði þannig að það falli sem best að umhverfinu. Fjarlægja skal allan búnað, úrgang og mannvirki tengdu jarðboruninni við verklok. Ef áformað er að skilja eftir olíudúk, skiljur eða önnur mannvirki skal það sérstaklega tekið fram í lokaúttektinni ásamt rökstuddum útskýringum. Þá skal tilgreina hver tekur við búnaðinum sem ábyrgðaraðili þurfi að fjarlægja búnaðinn síðar.
9. **EFTIRLIT** skal framkvæmd af fulltrúa HES að borun lokinni, þegar mannvirki og vélar hafa verið fjarlægðar af athafnasvæðinu. Leyfishafi skal kalla til fulltrúa HES í eftirlit með a.m.k. **tveggja sólahringa** fyrirvara.
10. **TIL VIÐBÓTAR** við ofangreind skilyrði gilda einnig almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfssemi.

11. **Vatnsverndarsvæði:** Fari borun fram á eða við vatnsverndarsvæði skal einnig fylgja verklagsreglum HES vegna framkvæmda á eða í grennd við vatnsverndarsvæði.
12. **Gjaldskylda:** Rekstraraðili greiðir eftirlitsgjöld til útgefanda starfsleyfis fyrir reglubundnu eftirliti sem og allan annan tilfallandi kostnað fyrir aðkomu Heilbrigðiseftirlitsins vegna starfseminnar í samræmi við gildandi gjaldskrá embættisins hverju sinni.
13. **Lög og reglugerðir:** Ákvæði um eftirlit, upplýsingagjöf, skráningar, ábyrgðir og þvingunarúrræði er að finna í eftirfarandi lögum og reglugerðum sem eiga helst við um starfsemina.
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnaeftirlit.
 - Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
 - Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.
 - Lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð.
 - Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
 - Reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.
 - Reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs
 - Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.
 - Reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs
 - Reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.
 - Reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun.
 - Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
 - Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

VIÐAUKI 1

